

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 973/2012 um réttindagæslumenn fatlaðs fólks, sem sækir stoð til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011, hafa réttindagæslumenn það hlutverk að koma með ábendingar til stofnana um það sem betur má fara við viðurkenningu, vernd og tryggingu á réttindum fatlaðs fólks.

Til umsagnar liggur nú frumvarp sem varðar jafna meðferð fatlaðs fólks á öllum sviðum samfélagsins, sem teljast verður mikilsvert réttlætis- og hagsmunarmál fyrir fatlað fólk. Það vekur eftirtekt að aðilar eins og Réttindagæslumenn fatlaðs fólks, Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum, Geðhjálp, NPA miðstöðin, Sjálfsbjörg, Átak, Félag heyrnarlausra o.fl. eru ekki í hópi þeirra sem aðila sem greint er frá að hafi fengið sendar umsagnarbeiðni vegna þingmálsins. Mig langaði að gera athugasemd við það og spyrja í leiðinni um þau sjónarmið sem liggja þar að baki.

Ennfremur, að gefnu tilliti til efni frumvarpsins og þeirra mikilsverðu réttindaumbóta sem þeim er ætlað að tryggja, verður að gera athugasemd við það þingskjalið sé ekki gert aðgengilegt fólki sem notar t.d. íslenskt tákni eða styðst við auðlesin texta og það njóti af þeim sökum ekki jafnar meðferðar til að veita málinu umsögn við þinglega meðferð þess. Í því samhengi bendi ég m.a. á meðfylgjandi niðurstöðu hæstaréttar Bretlands frá 25. janúar s.l. hvar bresk stjórnvöld voru gerð afturreka með framkvæmdaráætlun um réttindi fatlaðs fólks sökum þess að ekki var hugað jafnri meðferð og beinni þátttöku fólks með þroskahömlun í samráðsferlinu, t.a.m. með því að færa hana yfir á auðskilin texta

([https://www.bindmans.com/uploads/files/documents/Binder_v_SoS_for_Work_and_Pensions_2022_EWHC_105_\(Admin\).pdf](https://www.bindmans.com/uploads/files/documents/Binder_v_SoS_for_Work_and_Pensions_2022_EWHC_105_(Admin).pdf)). Að hafðri hliðsjón til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar verður ennfremur að líta svo að stjórnvöldum beri að tryggja aðgengi sem flestra að umsagnarferlinu og geti ekki gert greinamun þar á vegna fötlunar. Langaði mig í því efni að vita hvort hægt væri að gera bragarbót hér á við meðferð málsins, í því skyni að tryggja jafna meðferð fatlaðs fólks til að nýta rétt sinn til umsagnar á máli sem varðar jafna stöðu og jafnan rétt þess í samfélaginu, og ef ekki, á hvaða sjónarmiðum það hvílir.

Með góðri kveðju,

Eiríkur Smith

Réttindagæslumaður fatlaðs fólks

Austurströnd 3

170 Seltjarnarnes, Iceland

Sími / tel.: (+354)8581753

eirikur@rettindagaesla.is / www.rettindagaesla.is